

15. gr.

Sérstakt gjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

16. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara skal ráðstöfun tekna vegna flugvallagjalds á fjárlögum ársins 1987 standa óbreytt. Hækkun flugvallagjalds skv. 9. gr., sem nemur 82 kr. á hvern farþega, skal renna til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, sbr. 14. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi gilda til 31. des. 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.